



Bett 10

Vörunr. 8510

Lýsing

Bett 10 er vatnspynnanleg akrýlmálning ætluð á vegg og loft innanhúss. Málningin hentar þar sem óskað er eftir sterkri þvottheldinni og mattri áferð. **Bett** inniheldur hágæða 100 % hreint akrýlbíndiefni sem gefur málningunni afburða þvottheldni, litheldni og mótstöðu gegn gulnun og krítun. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastþeytumálningum. **Bett 10** er svo til lyktaflaus, gefur jafna áferð og er fljóthornandi.

Notkun

Bett 10 er ætluð á stofur, herbergi, skrifstofur og fleira. Hún hentar vel á t.d. þússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Þynnir: Vatn
Gljástig: 10	Áhaldahreinsir: Vatn
Pakningar: 1, 4 og 10 lítra	Þurrktími: 1 klst
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Yfirmálun: Lágmark: 3 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert
Þurrefni: 41 % (rúmmál)	

Undirmálun

Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240), alkýðgrunnum líkt og Hempalin grunnmálningu (4246) eða Aqua Snickerislip (4243), allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Áhöld

Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Undirlag skal vera þurr og hreint fyrir málun. Laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Steinsteypa og múr skulu vera a.m.k. mánaðar gömul. Olíu, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málun.

Nýmálun

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gifsplötur og strigi: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240). Að lokum eru málaðar 2 umferðir með **Bett 10**.

Endurmálun

Þrífið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að matta lauslega með sandpappír, til að góð viðloðun náist. Því næst eru málaðar 2 umferðir af **Bett 10**.

Athugasemdir

- Málið ekki fleti kaldari en +5°C. Málningin má ekki frjósa.
- Full þvottheldni næst eftir 3-4 vikur.
- Notið Breplasta spartl við spörtlun og flögn.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Bett 10** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.